



Reykjavík 30. apríl 2020
R20030103

Innkauparáð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík

Efni: Rammasamningur nr. 14667 um öryggishnapp fyrir dagforeldra.

Tilboð í ofangreint útboð voru opnuð 16 apríl 2020. Alls bárust tvö tilboð, frá Öryggismiðstöð Íslands kr. 4.876,- og Securitas hf. kr. 4.551,-. Heildartilboðsfjárhæðin var mánaðarleiga á einum öryggishnapp án vsk. Í kafla 0.21 útboðsgagna segir að samið verði við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli lægsta verðs. Bæði tilboðin voru undir kostnaðaráætlun kaupanda.

Þess er hér með farið á leit við Innkauparáð að það samþykki töku lægsta tilboðs á rammasamningi sem byggir á EES útboði nr. 14667. Tilboðið er frá Securitas hf, mánaðarleiga á einnum öryggishnapp að upphæð 4.551 kr., án vsk. Fyrirtækið stóðst allar kröfur útboðsgagna.

Á 145. fundi skóla -og frístundaráðs þ. 9. október 2018 og á 5531. fundi borgarráðs þ. 17. janúar 2019, var lögð fram skýrsla starfshóps um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu í Reykjavíkurborg.

Tillaga starfshóps varðandi öryggishnappa hljóðar eftirfarandi:

Öryggishnappur. Reykjavíkurborg gerir kröfu um það að dagforeldrar séu með öryggishnapp tengdan þjónustuborði á öryggismiðstöð. Kostnaði við öryggishnapp verði mætt með styrk frá Reykjavíkurborg.

Samþykkt skóla -og frístundaráðs og Borgarráðs hljóðar eftirfarandi:

Borgin útvegi þeim dagforeldrum sem starfa einir öryggishnapp. Þjónustan verði boðin út til að tryggja hagstæðustu verð sem völ er á.

Skóla- og frístundaráð leggur til við Innkauparáð að það samþykki framangreindan rammasamning og að samið verði við Securitas hf. Gildistími samnings er fjögur ár frá því skriflegur samningur kemst á.

Virðingarfyllst,

Helgi Grétar Helgason